

Gammafundur þriðjudaginn 7. febrúar 2023 í Landakotsskóla

Hrefna býður Gammakonur velkomnar og kveikir á kertum. Nafnakall og fundargerð síðasta fundar lesin en Bjarndís Fjóra ritaði hana.

Svana Friðriksdóttir var með orð til umhugsunar. Svana byrjar á að minnst Herthu. Svana las ljóð eftir barnabarn sitt sem er nemandi í Kópavogi en nemendur fengu viðurkenningu þegar ljóðastafur Jóns úr Vör var afhentur.

Svana fjallaði um börn sem eru að koma til okkar frá útlöndum og þau sem eru að setjast á skólabekk á Íslandi. Ofsóknir, stríð og veðurfarsbreytingar valda því að miklu fleiri börn eru nú að koma til Íslands. Einnig koma mörg börn með þeim sem koma til að vinna á Íslandi. Þessi alþjóðavæðing hefur mikil áhrif á samfélagið og allar hagtölur segja okkur að mikilvægt sé að við fáum þessa sérfræðinga til landsins. Sem dæmi um alþjóðavæðinguna þá var stofnuð alþjóðadeild í Landakotsskóla fyrir átta árum þar sem í upphafi voru 24 nemendur en nú eru í skólanum 130 nemendur sem tala yfir 40 tungumál. Fjöldi barna sem talar annað móðurmál en íslensku hefur fjórfaldast frá árinu 2001. Mikilvægt er að mat á námi þeirra sem hingað koma sé skilvirkt. Svana vitnar í aðlanámsskrá þar sem áhersla er á að allir hafi jöfn tækifæri til náms. Auka þyrfti útgáfu námsefnis og halda fleiri námskeið fyrir kennara svo þeir geti betur kennt þessum nemendahópi.

Svana ræddi líka um þakklætið og að með því að sýna þakklæti þá sýni fólk að það kunni fólk að meta hið góða í lífinu, í gegnum þakklætið þá myndist sterk og góð tengsl við aðra. Svana sagðist þakklát fyrir margt en nefndi sérstaklega gamla skólastjórann sinn Vígbór en hann flutti á Hólmavík og tók við skólastjórarstarfi þar. Hann kom með nýjar hugmyndir, hlustaði á nemendur og hafði trú á þeim. Hann lét t.d. setja parket á gólfíð og rimla á vegg til að nemendur gætu stundað íþróttir. Hann var með metnaðarfullar áherslur í öllum greinum og ekki síst á skapandi greinar. Nemendur voru sendir til góðrar hannyrðarkonu sem bjó á Hólmavík. Útivist var mikil og oft sungið þegar gengið var á fjall. Hverjum nemanda var mætt á sínum forsendum. Svana lýkur með því að lesa ljóð eftir Vígbór.

Salvör Nordal umboðsmaður barna var næst á dagskrá. Hún sagði frá starfi Umboðsmanns barna. Fáir starfa hjá embættinu, fjórir auk Salvarar, tveir lögfræðingar og starfsmaður sem vinnur sérstaklega með börnum. Því sé mikilvægt að setja sér ákveðnar áherslur því sviðið sé vítt. Miðað er við að fara ekki inn í mál sem önnur stjórnvöld eru með. Salvör segir að sér hafi þótt sérstaklega átakanlegt, þegar hún kom fyrst að embættinu, að finna mikil átök og deilur milli foreldra um umgengni.

Embættið hefur sett sér þrjár áherslur til ársins 2025

- að efla þátttöku barna
- styrkja tengslanetin og kynna bestu aðferðir frá nágrannalöndum
- stuðla að stefnumótandi umræðu um málefni barna

Nú sé unnið að því að fá sveitarfélög og ríkisstjórn og alla þá sem taka ákvarðanir sem hafa áhrif á börn til að meta hvaða áhrif þær hafa á líf barna. Ef ákvörðun hefur mikil áhrif á börn þá þarf að skoða hvort hægt sé að vera með einhverjar mótvægisáðgerðir. Og auðvitað að leitað sé eftir sjónarmiðum barna. Hún nefnir sem dæmi ákvarðanir sem teknar voru í kringum Covid. Annað dæmi var þegar strætó hækkaði gjöld um 40% - án þess að hugsa um áhrifin sem þetta hefði á börn. Þar steig umboðsmaður barna inn.

Umboðsmaður hefur sérstaklega skoðað biðlista eftir greiningum sem börn þurfa að fá og er biðin nú vöktuð og hefur umboðsmaður flaggað tvisvar. Einnig hefur umboðsmaður átt samstarf við

Persónuvernd og Fjölmiðlanefnd varðandi leiðbeiningar til foreldra og skóla um netið og samfélagsmiðla.

Gott samband er við ýmis samtök, t.d. Þroskahjálp. Leitast við að fara inn í mál sem enginn er að sinna. Mörg félagsamtök hafa t.d. velt fyrir sér kynferðisafbrotum sem börn verða fyrir og því hefur Umboðsmaður barna ekki stigið þar inn.

Umboðsmaður hefur hrint af stað verkefni þar sem skoðaðar eru aðstæður barna sem eiga foreldra í fangelsum. Tvær skýrslur hafa verið gefnar út og mun umboðsmaður áfram fylgjast áfram með þessum málum. Meðal annars hefur komið fram að það er alveg óljóst hversu mörg börn eiga foreldri í fangelsi. Það er enginn sem spyr og því hvergi skráð hvort þeir sem sitja í fangelsum eigi börn. Umboðsmaður gerði til dæmis athugasemd við að Barnakot á Litla Hrauni var einungis opið kl. 10 – 15 á virkum dögum. Athugasemdin tekin til greina og er nú opið líka á laugardögum. Aðstæður eru heldur betri í nýju fangelsi en þar þurfa börnin að fara í gegnum öryggiseftirlit sem er kaldranalegt. Á Norðurlöndum eru öflug félagsamtök sem sinna börnum fanga. Á Íslandi þarf aðstandandi að fara með börnum og það getur verið flókið. Nýverið voru stofnuð samtök sem heita Bjargráð og eru staðsett í Háteigskirkju og er ætlað að styðja við þessi börn. Þessi hópur er í áhættuhópi og því mjög mikilvægt að styðja þau vel. Umboðsmaður hefur verið í samtali við Fangelsisismálastofnun og óskað eftir að gögnum sé safnað markvisst. Einnig að settar verði fram barnvænar upplýsingar á heimasíðu Fangelsismálastofnunar sem byggja á myndmáli og einfölduðu máli. Þessar upplýsingar gætu gagnast öðrum hópum. Salvör hefur sterka tilfinningu fyrir því að yfirvöld vilji breyta og bæta úr þannig að foreldrar geti átt góð samskipti við börnin sín á meðan þau sitja í fangelsi - það reynist öllum betur, föngum og börnum.

Þátttaka barna og lýðræði hefur verið mikilvægt atriði og er umboðsmaður með ráðgjafahóp þar sem allir eru yngri en 18 ára.

Annað dæmi er að umboðsmaður safnaði frásögnum barna t.d. á tímum Covid.

Umboðsmaður er með sérfræðihópa sem hittast og ræða málin, t.d. fötluð börn.

Barnaþing er haldið á þriggja ára fresti. Búið að halda tvisvar. Haldið var prufuþing í Laugarnesskóla og í Landakotsskóla. Í þessum skólum hefur barnaþing fest sig í sessi og barnaþing verið haldin víða. Samkvæmt lögum á að bjóða ýmsum fulltrúm á þingið: alþingismönnum, sveitarstjórnafulltrúum, fyrirtækjum og svo framvegis. Börnin höfðu miklar skoðanir á dagskránni. Eins dags hátíðardagsskrá og svo barnaþingið sjálft. Alls sóttu 120 börn síðasta þing. Valið með slembivali úr þjóðskrá. Börnin vinna ein fram að hádegi og þá bættust fullorðnir við. Salvör segir að erfitt sé að ná til ákveðinna hópa. Auðveldlega hefur gengið að ná til fatlaðra en t.d. sé erfiðara að ná til barna sem eru af erlendu bergi brotin.

Stundum er leitað til ráðgjafahóps umboðsmanns og nýlega leitaði BUGL til dæmis eftir sjónarmiðum barna. Fulltrúar ráðgjafahópsins auglýstu eftir frásögnum frá börnum með skólaforðun og sögðu frá á málþingi. Sífelld algengara að leitað sé eftir sjónarmiðum barna.

Þá var komið að umræðum. Fríða Bjarney spyr hvort formlegt samstarf sé milli ungmennaráðs Umboðsmanns barna og ungmennaráða sveitarfélagana og segir Salvör það ekki vera.

Fríða veltir fyrir sér hvað verður um tillögur sem koma fram á barnaþingi.

Skipulagið er tekið frá þjóðfundinum. Fyrst mjög opið. Hvað finnst þér skipta mestu máli? Í fyrsta hluta þingsins eru börnin ein og ung manneskja er borðstjóri.

Mikilvægt að ALLIR skilji að þingið sé tekið alvarlega. Börnin fá þjálfun í að tala saman, þjálfun í að tala við fullorðna og fullorðnir fá þjálfun í að tala við börnin. Borðstjórar fá sérstaka þjálfun og fullorðnu fá 40 mín þjálfun í að tala og hlusta á börn.

Sigrún Aðalbjarnardóttir segir frá því þegar hún byrjaði að hugsa um að hlusta eftir sjónarmiðum barna. Hún fór í fimm vikna þjálfun til Kaliforníu þar sem kennt var að tala við börn. Hún segir að það sé svo innbyggt í fullorðna að tala mikið og hlusta ekki nóg.

Stuðst við Laura Lundy módelið. Vettvangur þar sem börnin hafa rödd og það er búinn til vettvangur fyrir áheyrn. Það sé erfiðast að passa að þau finni að þau hafi áhrif.

Ráðgjafahópurinn skilaði niðurstöðum til ríkisstjórnar. Undirbúnir fundir til að tala um niðurstöðurnar.

Salvöru finnst ráðamenn hlusta vel og þeir mæta og sýna börnunum virðingu.

Umboðsmaður sendir skýrsluna til allra þingmanna eftir barnaþingið. Mikilvægt að börnin finni að það hefur áhrif með því sem þau segja. Að þau séu ekki að tala saman og ekkert komi út úr því.

Árný spyr um eftirfylgni með ábendingum sem fram koma á Barnaþinginu. Salvör segir að það séu meira óbein áhrif sem þingið hafi og sýnileiki. Hún finni að áhrifin séu til dæmis þau að nú sé leitað meira eftir sjónarmiðum barna.

Umboðsmaður kemur á framfæri ábendingum barna, til dæmis í tengslum við sundkennslu. Sú hugmynd hafði komið fram í skólaheimsókn og eftir öðrum leiðum.

Renata spyr hverjar séu helstu óskir barna og erindi þeirra. Salvör segir að mjög mörg erindi komi til umboðsmanns sem varði umgengni barna við foreldra.

Hrefna minntist að lokum Herthu og sagði frá því hvernig Gammasystur hefðu minnst hennar. Hrefna skrifaði minningargrein um Herthu fyrir hönd félagsskaparins í Morgunblaðið. Gammadeild styrkti Umhyggju, félag langveikra barna með andvirði blómvandar til minningar um Herthu. Ingibjörg Jónasdóttir sagði frá því að Hertha hafi átt upphafið að stofnun Rjóðursins, hjúkrunar- og endurhæfingardeild fyrir langveik og fötluð börn.

Fundi slitið og boðið upp á kaffi og veitingar.